

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 9. desember 1996

um þriðju áætlunina til margra ára vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópusambandinu (1997--2000)

(97/15/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR }

lítilla og meðalstórra fyrirtækja og handverksfyrirtækja ⁽⁸⁾.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 130. gr.,

5) Ráðið samþykkti 14. júní 1993 ákvörðun 93/379/EBE um áætlun til margra ára varðandi ráðstafanir bandalagsins til að skerpa forgangssvið og tryggja samfellu og festu í fyrirtækjastefnu bandalagsins, einkum varðandi lítíl og meðalstór fyrirtæki ⁽⁹⁾.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

6) Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram skýrslur um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í kjölfar fyrrnefndrar ákvörðunar.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

7) Framkvæmdastjórnin hefur lagt fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd og svæðanefnd utanaðkomandi matsskýrslu um framkvæmd núgildandi áætlunar til margra ára samkvæmt 5. gr. ákvörðunar 93/379/EBE.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar ⁽³⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndar ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðið samþykkti 10. október 1994 ályktun um það að gefa athafnakrafti og nýsköpunargetu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, að meðtöldum handverks- og örfyrirtækjum, frjálst svigrúm í samkeppnishagkerfi ⁽⁵⁾.

8) Í samræmi við hvítbókina um vöxt, samkeppnishæfni og atvinnumál samþykkti framkvæmdastjórnin 3. júní 1994 orðsendingu um framkvæmd samþættrar áætlunar í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og handverksfyrirtækja sem beinist einkum að því að kynna heildarstefnu bandalagsins í málum fyrirtækja.

2) Ráðið samþykkti 21. nóvember 1994 ályktun um að styrkja samkeppnishæfni iðnaðar í bandalaginu ⁽⁶⁾.

9) Framkvæmdastjórnin samþykkti 29. nóvember 1995 skýrslu um „Lítíl og meðalstór fyrirtæki: lifandi uppspretta atvinnu, vaxtar og samkeppnishæfni í Evrópusambandinu“, sem hún lagði fyrir Evrópuráðið í Madrid, þar sem hún lýsti eftir metnaðarfullri fyrirtækjastefnu til að leysa úr læðingi alla möguleika evrópskra fyrirtækja á atvinnusköpun, vexti og samkeppnishæfni.

3) Ráðið samþykkti 27. nóvember 1995 ályktun um lítíl og meðalstór iðnfyrirtæki og tækninýjungar ⁽⁷⁾.

4) Ráðið samþykkti 22. apríl 1996 ályktun um samhæfingu aðgerða bandalagsins í þágu \pagebreak

10) Lítíl og meðalstór fyrirtæki leggja talsvert af mörkum til að styrkja stöðu iðnaðarins í Evrópusambandinu og bæta þannig upp tilhneiginguna til flytja fyrirtæki burt. Ekki má vanmeta það sérstaka hlutverk sem lítíl og meðalstór fyrirtæki gegna, einkum vegna náinna

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 156, 31. 5. 1996 p. 5.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 320, 28. 10. 1996, bls. 153.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. C 295, 7. 10. 1996, bls. 6.

⁽⁴⁾ Álitum var skilað 19. september 1996 (enn óbirt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. C 294, 22. 10. 1994, bls. 6.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. C 343, 6. 12. 1994 p. 1.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. C 341, 19. 12. 1995, bls. 3.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. C 130, 3. 5. 1996, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjútíð. EB nr. L 161, 2. 7. 1993, bls. 68.

- tengsla við viðskiptavinum og starfslíð og möguleikanna á þróun einstaklingsins sem þau gefa mörgum kaupþýslumönnum og -konum.
- 11) Þessi ákvörðun er lagagrundvöllur sérstakra viðbótarráðstafana sem eru ekki hluti annarra stefnumiða bandalagsins og ekki er unnt að framkvæma betur á innlendum vettvangi.
- 12) Virða ber dreiffræðisregluna við framkvæmd þessarar áætlunar sem gerð er til margra ára.
- 13) Aðstoða ber lítil og meðalstór fyrirtæki sem starfa í fleiri löndum við að vinna bug á veikleikum í skipulagi.
- 14) Þessi ákvörðun beinist einkum að litlum og meðalstórum fyrirtækjum, óháð sviði þeirra, lagalegri stöðu og landfræðilegri staðsetningu, þar á meðal handverksfyrirtækjum, fyrirtækjum í viðskiptum og dreifingu og mjög litlum fyrirtækjum.
- 15) Ráðstafanirnar í þessari ákvörðun gilda allsstaðar í Evrópusambandinu og miða að því að:
- stuðla að umhverfi sem er hagstætt fyrir þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
 - bæta samþættingu og skipulag lítilla og meðalstórra fyrirtækja, einkum lítilla fyrirtækja og handverksfyrirtækja á innri markaðnum,
 - auka samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra evrópskra fyrirtækja og hvetja til Evrópuvæðingar og alþjóðavæðingar þeirra og stuðla með því að vexti, atvinnusköpun og efnahagslegri og félagslegri samheldni innan bandalagsins.
- 16) Aðgerðir á sviði tækniþróunar í fleiri löndum verða samræmdar við áætlun bandalagsins um rannsóknir og tækniþróun að teknu tilliti til viðeigandi aðferða við ákvarðanatöku og framhalds grænbókarinnar um nýjungar.
- 17) Í viðbótarbókunum við samstarfssamninga sem gerðir hafa verið við lönd í Mið- og Austur-Evrópu er kveðið á um þátttöku þeirra landa í áætlunum bandalagsins.

- 18) Einnig ber að kveða á um þátttöku Kýpur og Möltu innan ramma samstarfssamninganna sem gerðir hafa verið við þau lönd.
- 19) Önnur áætlunin fellur úr gildi 31. desember 1996. Nauðsynlegt er að samþykkja þriðju áætlun til fjögurra ára og veita til hennar því fjármagni sem nauðsynlegt er til að markmið hennar náist.
- 20) Framkvæmdastjórnin mun með aðstoð nefndarinnar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma fyrrnefnda áætlun, aðrar en ráðstafanir sem snúa að samhæfingu skatta,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Hér með er samþykkt stefnuáætlun bandalagsins fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, að meðtöldum handverksfyrirtækjum og mjög litlum fyrirtækjum, sem gildir í fjögur ár frá 1. janúar 1997.

2. gr.

Markmið áætlunarinnar sem um getur í 1. gr, sem í felast ráðstafanirnar sem tilgreindar eru í viðaukanum við þessa ákvörðun og eiga að koma til viðbótar aðgerðum aðildarríkjanna, skulu vera eftirfarandi:

- 1) að einfalda og bæta stjórnsýslu- og löggjafarumhverfi fyrirtækja:
- tryggja að tekið sé tillit til hagsmuna lítilla og meðalstórra fyrirtækja í hinum ýmsu framtaksverkefnum og stefnumiðum bandalagsins,
 - einfalda og bæta löggjöf bandalagsins,
 - auka gagnsæi og útbreiðslu bestu framkvæmda við einföldun og umbætur á stjórnsýslu- og löggjafarumhverfi,
 - bæta rammann fyrir starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í fleiri löndum;
- 2) að bæta fjárhagsleg rekstrarskilyrði fyrirtækjanna:
- bæta aðgang að fjármögnun með lánum og áhættufjárfestingum,
 - halda áfram viðleitni til að draga úr vandamálum vegna greiðsludráttar,
 - auðvelda þróun sértækra fjármálaskjala,
 - örva þróun fjármagnsmarkaða fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í örum vexti;
- 3) að aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki við að Evrópuvæða og alþjóðavæða áætlanir sínar, einkum með betri upplýsinga- og samstarfsþjónustu:

- stuðla að aðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að upplýsingaþjóf félaginu,
 - þróa upplýsingaþjónustu bandalagsins,
 - bæta kynningu á stefnumarkandi aðgerðum í málum lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
 - stuðla að samstarfi með aðstoð neta til að finna meðeigendur,
 - stuðla að beinum tengslum með samstarfsáætlunum,
 - þróa undirverktakasamstarf,
 - bæta aðstæðurnar sem lítil og meðalstór fyrirtæki taka þátt í innri markaðnum við,
 - bæta aðgang að nýjum mörkuðum og alþjóðavæðingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja;
- 4) að auka samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja og bæta aðgang að rannsóknum, nýsköpun og þjálfun:
- auka nýsköpunargetu lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
 - auka stjórnunarhæfileika,
 - laga fyrirtækin að umhverfiskröfum;
- 5) að stuðla að athafnasemi og styðja tiltekna markhópa:
- kaupsýslumenningu og athafnasemi,
 - handverksfyrirtæki, lítil fyrirtæki og örfyrirtæki,
 - fyrirtæki í viðskiptum og dreifingu,
 - konur og unga atvinnurekendur; fyrirtæki sem rekin eru af atvinnurekendum úr hópum sem hafa verri stöðu;
- 6) að bæta leiðir í stefnumálum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

3. gr.

1. Til að markmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. og 2. gr. verði náð, nema þeim verði betur framfylgt í hverju aðildarríki fyrir sig, skal framkvæmdastjórnin grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem samþykktar verða í bandalaginu, að teknu tilliti til niðurstaðna sértækra matsskýrslna.
2. Fylgja skal málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 4. gr. við samþykkt eftirfarandi ráðstafana um:
 - samþykkt, framkvæmd í tilraunaskyni eða útvíkkun nauðsynlegra verkefna sem eru gerð fyrir beitingu þessarar ákvörðunar,
 - innihald og tímaáætlun fyrir og fjárhagslegan stuðning við ráðstafanir og beiðni um tillögur,
 - reglulegt mat á niðurstöðum hvers verkefnis í samræmi við tímaáætlun sem mælt er fyrir um í séráætlunum.
3. Nefndinni sem um getur í 4. gr. er heimilt að rannsaka öll önnur mál sem varða áætlunina.
4. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á fjárhagslegri framkvæmd áætlunarinnar. Framkvæmdastjórnin skal einnig sjá til þess að aðgerðir í tengslum við þessa áætlun

séu metnar nákvæmlega fyrirfram, eftirlit sé haft með þeim og gerð úttekt á þeim eftir á í ljósi skýrslna sem viðtakendur fjárhagsaðstoðar frá bandalaginu eiga að skila.

5. Heimilt er að veita stuðning frá bandalaginu, sé það nauðsynlegt til að verkefni komist af stokkunum. Stuðningurinn skal ekki vera meiri en nauðsynlegt er vegna verkefnisins.

4. gr.

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin þó tilkynna ráðinu um þær án tafar. Ef svo ber undir:

- skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna sem hún hefur tekið ákvörðun um, um þrjá mánuði frá dagsetningu tilkynningarinnar,

- er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í málsgreininni hér að framan.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal skila ársskýrslum um framkvæmd þessarar ákvörðunar til nefndarinnar sem um getur í 4. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal á tveggja ára fresti skila Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefnd og svæðanefnd skýrslu þar sem lagt er mat á framfarir sem orðið hafa með tilliti til þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í öllum stefnumiðum og áætlunum bandalagsins í kjölfar samhæfingaradgerða hennar.

6. gr.

Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en í lok ársins 1999 leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, \pagebreak efnahags- og félagsmálanefnd og svæðanefnd utanaðkomandi matsskýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar til að meta hvort upphaflegum markmiðum hafi verið náð, þar

með talið mat á rekstrarhagkvæmni og tillögur sem hún telur nauðsynlegar á grundvelli matsins.

7. gr.

1. Opna skal þessa áætlun fyrir þátttöku samstarfsríkja í Mið- og Austur-Evrópu í samræmi við skilyrði í viðbótarbókunum við samstarfssamningana um þátttöku í áætlunum bandalagsins sem gerðir hafa verið við fyrrnefnd lönd.

2. Opna skal þessa áætlun fyrir þátttöku Kýpur og Möltu á grundvelli viðbótarfjárveitinga í samræmi við sömu reglur og gilda fyrir þau EFTA-lönd sem eiga aðild að EES, í samræmi við málsmeðferðarreglur sem eftir á að semja um við fyrrnefnd lönd.

8. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 1997 og gildir til 31. desember 2000.

2. Viðmiðunarfjárhæðin til framkvæmdar þessari áætlun fyrir tímabilið frá 1. janúar 1997 til 31. desember 2000 skal vera 127 milljónir evrópskra mynteininga (ECU).

3. Fjármálayfirvaldið skal samþykkja árlegu fjárveitingarnar innan ramma fjárhagsáætlunar.

Gjört í Brussel 9. desember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

B. HOWLIN

forseti.

VIÐAUKI)

RÁÐSTAFANIR SEM UM GETUR Í 2. GR.

- A. AÐ EINFALDA OG BÆTA STJÓRNSÝSLU- OG LAGALEG REKSTRARSKILYRÐI FYRIRTÆKJA
- A.1. *Tryggja að tekið sé tillit til hagsmuna lítilla og meðalstórra fyrirtækja í hinum ýmsu framtaksverkefnum og stefnumiðum bandalagsins*
- Samþætting þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja inn í heildarhugmynd bandalagsstefnunnar. Stuðningur við samræmingu aðgerða bandalagsins í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem gera þeim kleift að taka að fullu þátt í öllum aðgerðum og áætlunum bandalagsins, þar á meðal þróunarsjóðum og áætlunum um rannsóknir og tækniþróun, alþjóðlegri samvinnu og umhverfisáætlunum.
- A.2. *Einfalda og bæta löggjöf bandalagsins*
- Aðgerðir til að forðast og minnka óþarfa stjórnsýslubyrði og kostnað við að fara að lögum bandalagsins sem torveldar stofnun og þróun fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra. Hér er meðal annars um að ræða notkun hagnýtrar aðferðar við mat á áhrifum lagafrumvarpa (að meðtalinni notkun matskerfis fyrir áhrif á viðskiptalíf og kostnaðar-ábatagreiningar þegar við á) svo og samráð við lítil og meðalstór fyrirtæki um ný lagafrumvörp og eftirlit með framkvæmd viðmiðunarreglna bandalagsins um löggjafarstefnu.
- A.3. *Auka gagnsæi og útbreiðslu bestu framkvæmda við einföldun og umbætur á stjórnsýslu- og löggjafarumhverfi*
- Útbreiðsla bestu framkvæmda, einkum á sviði einföldunar á stjórnsýslu; stuðningur við aðgerðir sem tengjast sölu eða flutningi viðskipta og ákvæði um áframhaldandi eignarhald.
- A.4. *Bæta rammann fyrir starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í fleiri löndum*
- Stuðningur við þróun annarra leiða við lausn deilumála milli fyrirtækja í mismunandi löndum. Efling viðeigandi félagsforma á starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja milli landa, einkum notkun evrópska samstarfsfyrirtækisins (REGIE-verkefnisins).
- B. AÐ BÆTA FJÁRHAGSLEG REKSTRARSKILYRÐI FYRIRTÆKJANNA
- B.1. *Bæta aðgang að fjármögnun með lánum og áhættufjárfestingum*
- Skilgreining og útbreiðsla nýskapandi aðferða við að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum greiðari aðgang að fjármögnun með lánum (að meðtöldum gagnkvæmum ábyrgðum og hringborðsumræðum banka og lítilla og meðalstórra fyrirtækja
- B.2. *Halda áfram viðleitni til að draga úr vandamálum vegna greiðsludráttar}*
- Að flýtt verði framhaldi tilmællanna vegna greiðsludráttar og fyrirhugaðar frekari ráðstafanir, ef við á; stuðningur við aðgerðir til að auka getu lítilla og meðalstórra fyrirtækja hvað varðar fjármálastjórnun.
- B.3. *Auðvelda þróun sérstakra fjármálaskjala*
- Að skilgreina bestu sértæku fjármálaskjöl sem litlum og meðalstórum fyrirtækjum koma að gagni, einkum kröfukaupa- og skuldavátryggingaskjöl, og ýta undir notkun þeirra.
- B.4. *Örva þróun og bæta rammaskilyrði á fjármagnsmarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í örum vexti (ásamt tölvumiðlunarmeti Samtaka evrópskra verðbréfamíðlara (EASDAQ))*
- C. AÐ AÐSTOÐA LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI VIÐ AÐ EVRÓPUVÆÐA OG ALÞJÓÐAVÆÐA ÁÆTLANIR SÍNAR, EINKUM MEÐ BETRI UPPLÝSINGA- OG SAMSTARFSÞJÓNUSTU
- C.1. *Þróa upplýsingaþjónustu bandalagsins*
- Betri aðgangur fyrirtækja að bandalagsupplýsingum: þróun nets upplýsingamiðstöðva um Evrópumálefni sem fyrsta leitarstaðar og, ef með þarf samkvæmt samningi við innlenda þjónustu, stýring beiðna til heppilegasta þjónustuveitanda bandalagsins; umbætur á samsetningu netsins og gæðum þjónustunnar með markvissari notkun bandalagsstyrkja; stækun og styrking upplýsingahlutverksins á helstu aðgerðasviðum bandalagsins; bætt aðlögun upplýsingaþjónustu bandalagsins að þörfum fyrirtækjanna, einkum með því að þróa samstarf með viðurkenndum fagfélögum sem fyrir eru og netum aðildarríkjanna til að veita faglegan stuðning litlum og meðalstórum fyrirtækjum, að meðtöldum handverksfyrirtækjum.

- C.2. *Bæta kynningu á stefnumarkandi aðgerðum í málum lítilla og meðalstórra fyrirtækja*
Kynningarherferðir í samvinnu við EIC-netið; skipulagning evrópskra fyrirtækjavikna.
- C.3. *Stuðla að samstarfi með aðstoð neta til að finna meðeigendur*
Aukin gæði og skilgreining gæðastaðals fyrir leynilega meðeigendaleitarnetið (BC-netið) og meðeigendaleitarnetið án leyndar (BCC), ásamt leit að öðrum áhrifamiklum leiðum til að stuðla að samvinnu fyrirtækja.
- C.4. *Stuðla að beinum tengslum með samstarfsáætlunum*
Áframhaldandi þróun nýrra leiða sem gera atvinnurekendum kleift að hafa beint samband sín á milli (Europartenariat- og Interprise-áætlanirnar).
- C.5. *Þróa undirverktakasamstarf*
Þróun aðgerða sem miða að því að stuðla að undirverktakasamningum milli landa.
- C.6. *Bæta aðstæðurnar sem lítil og meðalstór fyrirtæki taka þátt í innri markaðnum við*
Hvatning til að afnema viðskiptahindranir. Að litlum og meðalstörum fyrirtækjum sé auðvelduð þátttaka í opinberum samningum.
Stuðningur við aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja og handverksfyrirtækja að upplýsingaþjóðfélaginu.
- C.7. *Bæta aðgang að nýjum mörkuðum og alþjóðavæðingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja*
Könnun nýrra tækifæra til að auka viðskipti lítilla og meðalstórra fyrirtækja milli landa innan innri markaðarins og á heimsmarkaði.
- D. **AÐ AUKA SAMKEPPNISHÆFNI LÍTILLA OG MEÐALSTÓRRA FYRIRTÆKJA OG BÆTA AÐGANG AÐ RANNSÓKNUM, NÝJUNGUM OG ÞJÁLFUN**
- D.1. *Auka nýsköpunargetu lítilla og meðalstórra fyrirtækja*
Skilgreining bestu framkvæmda og prófun raunverulegra aðferða með tilraunaáætlunum, einkum á sviði þess að þróa fyrirtæki með vaxtarmöguleika og fyrirtæki sem byggjast á nýrri tækni; stuðningur við notkun lítilla og meðalstórra fyrirtækja á upplýsingatekni með því að skiptast á góðum starfsvenjum og með bættum ráðstöfunum til að stuðla að aðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að bandalagsáætlunum sem fyrir eru.
- D.2. *Auka stjórnunarhæfileika*
Aðstoð við að skilgreina og prófa jákvæðar aðferðir við þjálfun stjórnenda með því að skiptast á góðum starfsvenjum og með bættum ráðstöfunum til að stuðla að aðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að bandalagsáætlunum sem fyrir eru.
- D.3. *Laga fyrirtækin að umhverfiskröfum*
- E. **AÐ STUÐLA AÐ ATHAFNASEMI OG STYÐJA TILTEKNA MARKHÓPA**
- E.1. *Kaupskýslumening og athafnasemi*
Hvatning til skipta á bestu framkvæmd, að meðtöldum bestu framkvæmdum sem sérlega virkir atvinnurekendur hafa komið á.
- E.2. *Handverksfyrirtæki, lítil fyrirtæki og örfyrirtæki*
— könnun á stofnanaumhverfi lítilla fyrirtækja og handverksfyrirtækja,
— að komið verði af stað verkefnum sem gera þessum fyrirtækjum kleift að laga sig að skipulagsbreytingum, samþætta sig betur innri markaðnum og hagnast á þeim tækifærum sem hann býður, meðal annars stöðlun, vottun og umhverfis- og gæðastjórnun.)
- E.3. *Fyrirtæki í viðskiptum og dreifingu*
Að fyrirtækjum verði auðvelduð aðlögunin að innri markaðnum og skipulagsbreytingum, einkum með nýrri tækni (Viðskipti 2000). Stuðningur við samvinnu milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Útbreiðsla niðurstaðna úr tilraunaverkefnum. Framhald grænþróunarinnar um viðskipti og dreifingu.

E.4. *Konur og ungir atvinnurekendur; fyrirtæki sem rekin eru af atvinnurekendum úr hópum sem eru illa settir*

Stuðningur við viðleitni til að finna nýjar lausnir að lokinni skilgreiningu á þeim sérstöku vandamálum sem

- kvenkyns atvinnurekendur og ungir atvinnurekendur og
 - fyrirtæki sem rekin eru af fólki úr hópum sem eru illa settir
- standa frammi fyrir.

F. **AÐ BÆTA LEIÐIR Í STEFNUMÁLUM LÍTILLA OG MEÐALSTÓRRA FYRIRTÆKJA**

- Samráð við stofnanir sem eru fulltrúar lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Evrópuvettvangi þegar lagt er mat á stefnu sem tengist þeim eða hún mótuð. }
- Bættar tölfræðilegar upplýsingar um lítil og meðalstór fyrirtæki án þess að byrði fyrirtækjanna sé aukin; evrópsk athugunarstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki; rannsóknir, gagnagrunnur um ráðstafanir sem tengjast stefnu í málum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- Mat á aðgerðum sem þegar eru í gildi á grundvelli skilvirknisviðmiða og þróun tillagna að nýjum ráðstöfunum bandalagsins á sviðum sem hafa áhrif á fyrirtækin.